

Ár 2024, 29. apríl kl. 11:00 kom landskjörstjórn saman á fundi í Þjóðminjasafni Íslands til að úrskurða um gildi framkominna framboða til kjörs forseta Íslands 1. júní 2024.

Fyrir er tekið framboð Baldurs Þórhallssonar til kjörs forseta Íslands og kveðinn um það svofelldur

ú r s k u r ð u r nr. 4/2024:

Hinn 26. apríl 2024 kl. 11:18 kom Baldur Þórhallsson á fund landskjörstjórnar og skilaði tilkynningu um framboð til kjörs forseta Íslands. Tilkynningin var undirrituð af Baldri. Á tilkynningarblaðinu kom fram að meðmælum væri safnað rafrænt.

Landskjörstjórn hefur kannað framboðstilkynningu Baldurs til kjörs forseta Íslands og þau meðmæli sem framboðinu fylgja. Könnunin leiddi í ljós að framboðið uppfyllir bæði skilyrði stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og kosningalaga nr. 112/2021.

Á grundvelli framangreinds er það niðurstaða landskjörstjórnar að framboð Baldurs Þórhallssonar til kjörs forseta Íslands sé gilt.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð

Framboð Baldurs Þórhallssonar til forsetakjörs 1. júní 2024 er gilt.

Landskjörstjórn

Kristín Edwald, formaður (sign)

Arnar Kristinsson (sign)

Hulda Katrín Stefánsdóttir (sign)

Ebba Schram (sign)

Magnús Karel Hannesson (sign)

Ákvörðun landskjörstjórnar má skjóta til úrskurðarnefndar kosningamála, sbr. 22. gr. kosningalaga, innan 20 klukkustunda frá því að hún var afhent. Skal beina kærum til nefndarinnar á netfangið urskurdarnefndkosningamala@dmr.is